

Fundur í skólaráði Glerárskóla 16. mars 2015

Mættir: Aníta Jónsdóttir og Elfa Gylfadóttir foreldrafulltrúar, Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eyrún Skúladóttir skólastjóri, Sigrún Briem fulltrúi hverfisnefndar, Fríða Pétursdóttir og Tómas Lárus Vilbergsson kennarafulltrúar, Stefán Haukur Björnsson og Róbert Orri Heiðmarsson nemendafulltrúar.

Elín skrifaði fundargerð.

Skóladagatal 2015-16

Farið yfir drög að skóladagatali sem fóru til skólanefndar. Í dag er fundur í skólanefnd og búast má við að þetta verði tekið til umræðu þar.

Skipulag skólaársins 2015-16 – fyrsta umræða

Stjórnendur eru þessa dagana að gera skipulag fyrir næsta skólaár. Úthlutaður kennslustundafjöldi er mun lægri en síðasta ár. Það kemur til vegna fækkunar nemenda og aukatíma sem fengust á yfirstandandi skólaári sem komu til vegna afsláttartíma sem kennarar afsöluðu sér með nýjum kjarasamningi. Verið er að finna leiðir til að raða niður bekkjum og árgöngum. Búast má við að bekkir verði sameinaðir. Hugsanlegt er að sameina bekki og hafa umsjónarhópa sem væru viðráðanlega stórir. Búast má við að einhverjar uppsagnir verði. Gert er ráð fyrir 310 nemendum í skólanum næsta skólaár. Gert er ráð fyrir um 30 nemendum í 1. bekk.

Eyrún fór yfir nöfn þeirra starfsmanna sem eru tímabundið ráðnir vegna forfalla.

Árshátíð

Farið yfir skipulag árshátíðar. Rætt um að betra sé að hafa ballíð fyrir yngstu krakkana í íþróttasalnum. Nemendaráð mun auglýsa á Fb og e.t.v. fara með auglýsingar í aðra skóla.

Læsi

Skólastjórnendur á Akureyri hafa verið að vinna saman að s.k. lærdómssamfélagi sem miðar að því að skólarnir styðji hvern annan. Í vetur hefur læsi verið sett á oddinn hjá öllum skólunum og nefnd hefur verið sett á laggirnar sem m.a. hefur verið að skoða ýmislegt varðandi lestur í skólunum. Glerárskóli á fulltrúa í nefndinni. Hugað er að því að gera læsisstefnu fyrir Akureyrarbæ. Á endurmenntunardegi kennara í ágúst verður læsisþing. Gert er ráð fyrir að hver skóli hafi stýrihóp í læsi og hver skóli ákveði þátt sem hann vill vinna út frá til að byrja með. Hugmyndin með þessu er að efla læsi í skólum Akureyrar.

Námskrárvinna

Skólinn hefur verið að vinna talsvert í skólanámskránni en hefur verið í biðstöðu vegna uppfærslu á Mentor. Gert er ráð fyrir að setja inn í Mentor öll markmið, leiðir og námsmat. Næsta ár má búast við að nemendur í 10. bekk verði útskrifaðir með einkunnir í bókstöfum.

Heimasíða Glerárskóla – Tölvur og tækni

Tómas Lárus sagði nýja heimasíðu vera langt komna. Hópur kennara hefur verið að vinna í heimasíðugerðinni í nýju kerfi. Allar breytingar og innsetning á síðuna verður mun auðveldari en í gamla kerfinu. Tölvuverin voru uppfærð fyrir tveimur árum. Á síðasta ári fékkst úthlutun til að kaupa nýjar tölvur fyrir starfsmenn og keyptar voru 12 fartölvur og áfram verður haldið í því. Tækjabúnaður fyrir nemendur er frekar bágborinn. Sótt var um styrk til Forritara framtíðarinnar fyrir tækjabúnaði handa nemendum. Nemendur eru talsvert að nýta sinn eigin búnað í skólanum.

Önnur mál

- Hlíðarfjall. Gert ráð fyrir að fara í fjallið með alla nemendur n.k. fimmtudag.
- Kennarar úr 1. , 7. og 10. bekk eru á Hugleiksnámskeiði á vegum HA sem hefur það að markmiði að efla heimspekileg umræðu í skólastarfi. Unnið er með ákveðið umræðuefni í hópum og síðan ræða hóparnir sín á milli um niðurstöður allra hópanna og rökræða efnið. Vinnan gengur út á að rýna í efni, læra saman og hugsa saman.

Fleira ekki fært til bókunar.

Elín E. Magnúsdóttir